**Ed.** **394. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbíd, bensín, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, kvíslar, spaðar, steðjar, sleggjur, járnkarlar, ljáblöð, bátavjelar (mótorar), lausar umbúðir, tómir pokar, strigi, mottur, fiskinet, kork, netagarn, tilbúin segl, segldúkur, kaðlar allskonar og færi, olíur í tunnum og í dúnkum, aðrar en steinolía og bensín, fastur vjelaáburður, strigaábreiður (Presenninger) og járnbrautarteinar, spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (hlekkjafestar), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kilogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar bátar taldir.

Sjötti liður 1. málsgr. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

um strandferðir.

Samkvæmt ályktunum í neðri deild og efri deild Alþingis, kusu báðar deildirnar samtímis nefndir, til þess að íhuga strandferðafyrirkomulagið, neðri deild 7 manna nefnd, en efri deild 5 manna nefnd. Formaður neðri deildar nefndarinnar var kosinn Björn Kristjánsson og skrifari Sveinn Björnsson. Formaður efri deildar nefndarinnar var kosinn Björn Þorláksson og skrifari Jósef Björnsson. Formenn nefndanna komu sjer þegar saman um það, að nefndirnar skyldu frá byrjun hafa sameiginlega fundi. Komu svo nefndirnar saman á sameiginlegan fund 20. júlí. Var þá kosinn fundarstjóri samvinnunefndarinnar Guðmundur Björnsson og fundarskrifari Sveinn Björnsson.

Voru svo haldnir nokkrir samvinnunefndarfundir, en því næst kaus nefndin 5 manna undirnefnd, til þess að vinna úr gögnum þeim, er fyrir lágu, og gera tillögur til samvinnunefndarinnar.

Er sú nefnd hafði lokið störfum sínum, gaf hún samvinnunefndinni skýrslu sína og kom fram með tillögur sínar.

Að því búnu fjekk samvinnunefndin stjórn h/f Eimskipafjelags Íslands á fund með sjer og ræddi málið með henni.

Bæði samvinnunefndin og undirnefndin höfðu samgöngumálaráðunaut stjórnarinnar til aðstoðar og ráða, og kom hann að jafnaði á nefndarfundi.

---

Í samningi, gerðum 4. febrúar þ. á. milli landsstjórnarinnar og h/f Eimskipafjelags Íslands (flgskj. III. með *þingskj. 57)*, er svo um samið, að h/f Eimskipafjelag Íslands taki að sjer strandferðir umhverfis Ísland frá því í apríl 1916 „með 2 eða fleiri strandferðaskipum, og sjeu ferðirnar eigi lakari að skipakosti nje óhentugri en strandferðir þær, er verið hafa að undanförnu síðan 1911, gegn því að fjelaginu sje greiddur til ferða þessara sanngjarn styrkur úr landssjóði, og lætur fjelagið byggja í tæka tíð tvö hæfileg skip í þessu skyni.

Um stærð skipanna, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta, og jafnframt um styrkinn úr landssjóði á hverjum tíma sem er, fer eftir síðari samningum milli landssjóðs og fjelagsins“ (sbr. 2. gr.).

Samkvæmt 5. gr. er gert ráð fyrir, að samningar þessir verði gerðir fyrir 1. febrúar 1915.

Samkvæmt þingsályktunartillögunum um skipun nefndanna á þgskj. 96 og 97 er nefndunum ætlað að íhuga þetta mál og koma fram með tillögur um það.

---

Samkvæmt fjárveitingu í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915, og eftir tillögum samgöngumálanefnda síðasta þings, skipaði ráðherra í febrúarmánuði síðastliðnum samgöngumálaráðunaut. Til starfans var skipaður Olgeir Friðgeirsson, áður verslunar-

stjóri á Vopnafirði. Hefir hann á þessu vori ferðast um landið, til þess að kynna sjer óskir landsmanna um strandferðir og annað þar að lútandi.

Hefir hann nú stungið upp á þrenns konar fyrirkomulagi á strandferðunum. Er gerð grein fyrir þessum uppástungum í 3 áætlunum, ásamt skýringum á þeim, flgskj. I.—IV.

Eftir að hafa íhugað áætlanir þessar nákvæmlega, komst samvinnunefndin að þeirri niðurstöðu, að byggja á fyrirkomulagi því, sem gert er ráð fyrir í áætlun nr. 2.

Samgöngumálaráðunauturinn hefir samið áætlanir yfir kostnað við útgerðina, samkv. hverri áætlun fyrir sig, og væntanlegar tekjur skipanna. Hefir hann borið þær undir útgerðarstjóra Eimskipafjelagsins og hann fallist á þær. Fylgja áætlanirnar nefndarálitinu, flgskj. VI. a.—VI. c.

Til glöggvunar, skal hjer sett samanburðaryfirlit yfir áætlanir þessar allar.

| | Áætlað verð skipanna kr. | Stærð í smálestum nettó | Farrými: | | | Ganghraði á vöku | Kælirúm ten.fet. | Tekjuhalli kr. | Tala strandferða: | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | farþegar í 1. flokki | farþegar í 2. flokki | farþegar í 3. flokki | | | | venjulegar strandferðir | hraðferðir | alls |
| Áætlun nr. 1. | | | | | | | | | | | |
| Skip A . . . . | 235 þús. | 350 | 50 | 50 | 100 | 9 mílur | 1200 | 105,810 eða 78,810 | 9 | 12 | *21* |
| — B . . . . | 200 — | 450 | 20 | 40 | 140 | 8 — | ekkert | | | | |
| Áætlun nr. 2. | | | | | | | | | | | |
| Skip A . . . . | 245 þús. | 400 | 40 | 50 | 100 | 9 mílur | 1200 | 119,200 eða 77,300 | 14 | 10 | **24** |
| — B . . . . | 245 — | 400 | 40 | 50 | 100 | 9 — | 1200 | | | | |
| Áætlun nr. 3. | | | | | | | | | | | |
| Skip A . . . . | 235 þús. | 350 | 50 | 50 | 100 | 9 mílur | 1200 | 116,576 | 9½ | 10½ | *20* |
| — B . . . . | 200 — | 450 | 20 | 40 | 140 | 8 — | ekkert | | og auk þess 6 ferðir frá Rvik til Seyðisfjarðar og aftur til baka og 11 ferðir til útlanda. | | |
| — C . . . . | 80--250*) | 225—250 | 18—24 | ekkert | 70—80 | 8 — | ekkert | | | | |

*) 80, ef keypt er gamalt, 250 ef bygt er að nýju.

Enn fremur fylgir nefndarálitinu samanburðaryfirlit á strandferðum 1912 (Thoreútgerðin), 1913 (Sam. fjelagsútgerðin), 1914 (Björgvinjarfjelag og Tuliniusarskip), samkvæmt áætlunum samgöngumálaráðunautarins nr. 1. 2. og 3 og samkvæmt áætlun hans nr. 2 með breytingum, sem nefndirnar leggja til að gerðar verði á þeirri áætlun, flgskj. VII.

Til enn frekari skýringa fylgir nefndarálitinu samanburðaryfirlit yfir ferðafjöldann, flgskj. VIII.

Sýnir yfirlit þetta tölu viðkoma á hverri höfn, eftir hverju fyrirkomulaginu fyrir sig.

Loks fylgir nefndarálitinu ný áætlun, sem samvinnunefndin hefir samið, og leggur til, að lögð verði til grundvallar í samningum landsstjórnarinnar við Eimskipafjelagið, (flgskj. IX). Er áætlun þessi, eins og áður er getið, bygð á áætlun samgöngumálaráðunautarins nr. 2; aðalbreytingar nefndanna frá áætlun nr. 2 eru þessar:

1. Ferðirnar látnar byrja í apríl í staðinn fyrir í mars.
2. Skipin látin fara eina ferða til útlanda hvort (í júlílok og í miðjum ágúst).

Við þetta verður tekjuhallinn á ferðunum 41,900 kr. minni en verða mundi, ef hallast væri að áætlun nr. 2 óbreyttri, sbr. kostnaðaráætlun samgöngumálaráðunautarins.

---

Skal nú gerð hjer nokkur grein fyrir ástæðum samvinnunefndarinnar fyrir tillögu hennar.

*Skip* þau, sem áætlun nr. 2 gerir ráð fyrir, telur samvinnunefndin heppilegust. Skipin eiga bæði að vera nákvæmlega með sömu gerð og fyrirkomulagi. Reynslan hefir sýnt að skip, sem eru eingöngu vöruflutningaskip eða hafa aðeins rúm fyrir fáa farþega, eru óhentug til strandferða hjer. Menn þurfa að geta ferðast hafna á milli með skipunum og haft sæmilega góðan aðbúnað. Fólksflutningar með strandferðaskipunum fara stöðugt vaxandi og hafa aldrei fyr verið eins miklir og á þessu ári, með Björgvinjarskipunum. „Austri“ og „Vestri“, sem menn að öðru leyti voru ánægðir með, reyndust heldur litlir. Skip þessi eru talsvert stærri og með meira farþegarúmi í strandferðum. Gert er ráð fyrir að taka megi burt 2. farrými, er skipið siglir eigi í strandferðum, og nota þá alt skipið utan 1. farrýmis sem lestarrúm.

*Fyrirkomulag ferðanna* telja nefndirnar heppilegra eftir áætlun nr. 2 en hinum áætlunum. Þar sameinaðar ferðir með mörgum viðkomustöðum við skjótar hringferðir. Skipin ávalt látin fara alla leið kringum landið (nema í tveim ferðum) og ferðunum þannig hagað að hægt er venjulega að komast á hafnirnar kringum landið með öðru skipinu, og þaðan aftur eftir stuttan tíma með hinu.

Er skipin koma frá útlöndum að vorinu hafa þau meðferðis birgðir af erlendri vöru. Þegar ullin er tilbúin að sumrinu, fæst ferð til útlanda með hana frá öllum höfnum. Loks er ætlast til að skipin taki kjötið í síðustu ferðunum og flytji það beint út.

*Viðkomustaðir* eru alls 87, en um 25 þeirra er svo ákveðið, að þar sje að eins komið, ef talsverður flutningur er. Á þenna hátt fá mjög margar hafnir viðkomur, en þó eigi að nauðsynjalausu, og sparast við það óþarfa ferðir á staði, þar sem lítið eða ekkert er að gera, og kostnaður sá, sem af því leiðir.

*Kostnaður við ferðirnar* og tekjuhallinn af þeim er minstur með þessu fyrirkomulagi; sbr. kostnaðaráætlanir samgöngumálaráðunautarins. Auk þess má með þessu

fyrirkomulagi spara talsvert af fjárveitingum til flóabáta, 20 þús. kr. að minsta kosti. Um þetta atriði og fleiri vísast til brjefs samgöngumálaráðunautarins til nefndanna dags. 30. júlí þ. á, sem fylgir nefndarálitinu (flgskj. V).

---

Stjórn Eimskipafjelagsins hefir tjáð sig, ef ekkert ófyrirsjáanlegt kemur fyrir, reiðubúna til þess að taka að sjer slíkar strandferðir, sem nefndirnar leggja til að samið verði um, fyrir 77,300 króna árssstyrk, eða þá upphæð, sem samgöngumálaráðunauturinn hefir áætlað að hallinn mundi verða af ferðunum. Þó áskildi stjórnin sjer rjett til, við endanlega samning áætlana, að víkja lítisháttar við brottfarar og komudögum, ef þörf væri á, til þess að hafa samband milli strandferðaskipanna og millilandaskipanna. En jafnframt hefir stjórn Eimskipafjelagsins tekið það fram, að með því að hjer er gert ráð fyrir mun dýrari skipum en höfð voru í huga er síðasta Alþingi gaf heimildina um hlutakaup landssjóðs í fjelaginu, (þá var gert ráð fyrir, að bæði skipin mundu kosta 440 þús. kr.; nú er verð þeirra áætlað 490 þús. krónur) og auk þess lán það, sem fæst gegn 1. veðrjetti í skipunum lægra en þá var ráð fyrir gert, þá muni það eigi geta tekist á hendur að láta byggja slík skip og reka strandferðir með þeim, nema landssjóður leggi til fjelagsins 50—100 þús. krónur í viðbót, eftir því hverju verði tekst að fá samið um smíðar á skipunum. Ef það skyldi koma fyrir, að skipaverð fari fram úr öllu hófi, vegna Norðurálfuófriðarins, þá er talið sjálfsagt að Eimskipafjelaginu verði eigi talið skylt að smíða skipin. Hjer er gert ráð fyrir, að verð beggja skipanna fari eigi fram úr 500 þús. krónum.

Samvinnunefndin lítur svo á, að strandferðum verði best fyrir komið í höndum þessa innlenda eimskipafjelags. Telja þær sjálfsagt og nauðsynlegt, að fjelagið bíði eigi fjárhagslegt tjón af því að taka að sjer ferðirnar. Fyrir því leggur nefndin til, að landsstjórninni verði heimilað:

1. Að semja við fjelagið um strandferðir með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í flgskj. IX., og með skipum af þeirri gerð, sem áætlun samgöngumálaráðunautarins nr. 2 gerir ráð fyrir, fyrir árin 1916 og 1917 með alt að 77,300 króna árssstyrk úr landssjóði.

2. Að kaupa fyrir landssjóðs hönd alt að 100 þús. krónum af hlutum í fjelaginu í viðbót við þær 400 þús kr., sem landssjóður hefir þegar skuldbundið sig til að kaupa.

Hefir nefndin samið tillögu til þingsályktunar (þgskj. 363) og frumvarp þgskj. 362), hjer að lútandi,

---

*Frumvarpið* felur í sjer þær breytingar á lögum síðasta þings, sem þarf til að heimila landsstjórninni aukna hluttöku í Eimskipafjelaginu og auk þess er eðlilegt, úr því að samningar eru gerðir við Eimskipafjelagið, að jafnframt sjeu feldar úr frumvarpinu þær greinar, sem eiga við landssjóðsútgerð.

Í *þingsályktunartillögunni* er skipunum lýst samkvæmt skýringu samgöngumálaráðunautarins (flgskj. IV.), að eins er tiltekið rúmmál farmrúmsins, með því að

það er ábyggilegra um vörurúm skipsins en tala smálesta; 30,000 ten fet samsvara 400 smál. í slíku skipi.

Að öðru leyti felast skýringar á tillögunni í því, sem áður er greint.

---

Um einstök önnur atriði í væntanlegum samningi milli landsstjórnarinnar og Eimskipafjelagsins leyfir samvinnunefndin sjer að koma fram með eftirfylgjandi bendingar:

1. *Samningstími.* Það er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að *ekki verði samið í fyrstu nema fyrir tveggja ára tíma.* Þetta virðist nefndunum sjálfsagt, hvort heldur litið er á málið frá hálfu landsstjórnarinnar eða Eimskipafjelagsins, af því ekkert verður með vissu sagt um, hvort tekjuhallinn verður sá, sem ráð er gert fyrir. Hann getur orðið meiri eða minni en áætlað hefir verið. Reynslan ein getur sannað, hvernig því verður farið, er til framkvæmda kemur. Styrkur sá, er nefndirnar leggja til, að veittur verði úr landssjóði til strandferðanna, getur því reynst of mikill eða of lítill, og er hvorugt gott, ef gilda ætti fyrir lengri tíma.

2. *Umhleðsla.* Það var upplýst fyrir nefndunum, að ætti Eimskipafjelagið að annast umhleðslu á vörum, án endurgjalds frá vörueigendum, þá myndi það auka tekjuhalla strandferðaskipanna um alt að 20 þús. kr. Þótt nokkuð megi með því mæla, að umhleðslugjald sje ekki tekið af vörueigendum, þá hafa nefndirnar þó ekki viljað leggja það til, því styrkurinn úr landssjóði hefði þá orðið að hækka að miklum mun. Að því er snertir umhleðslugjaldið, vænta nefndirnar þess hins vegar, að það *verði sett svo lágt, sem fært þykir,* og að minsta kosti ekki hærra en 3—5 kr. fyrir hvert tonn.

3. *Farmgjöld.* Þegar ræða er um farmgjöld fyrir vörur milli hafna innanlands, þá virðist nefndunum æskilegt, að *þau sjeu ákveðin með hliðsjón af vegalengdinni, sem vörurnar eru fluttar,* á líkan hátt og gert er um fargjöld. Þetta myndi verða til þess að auka flutninga milli nálægra hafna og til mikilla hagsmuna fyrir viðskiftalífið á ýmsum stöðum á landinu.

4. *Fæðissala.* Þótt allmikið mæli með því, að farþegar með strandferðaskipunum sjeu ekki skuldbundnir til að kaupa fæði, heldur fari það eftir vild þeirra, hvort þeir kaupi fæði eða ekki, *þá treysta nefndirnar sjer ekki til að mæla með því, að því er snertir farþega á 1. farrými.*

Nefndirnar játa að vísu, að stundum komi þetta allhart niður, en það er þegar sjóveiki hamlar mönnum frá að neyta matar svo dögum skiftir.

En í þessu efni verður líka á það að líta, að svo framt sem ekki er fast ákveðið að farþegar á 1. farrými kaupi fæði, þá myndi reynast örðugt eða ómögulegt fyrir Eimskipafjelagið, að fá mann til að taka matsöluna að sjer fyrir eigin reikning. Óvissan um hve mikið keypt kunni að verða í þeirri eða þeirri einstakri ferð, gæti hæglega orðið þess valdandi, að matsali yrði fyrir skaða á matvælum, sem hann hefði umfram þarfir eða hann reyndist ekki nógu birgur af matvælum, sem þörf væri á. Hið fyrra af þessu myndi helst koma fyrir, þegar ilt væri í sjó og margir yrðu sjóveikir. En þetta yrði matsalinn að hafa bótalaust, ef alt væri laust um fæðissöluna. Það er því eðlilegt að matsalinn tæki alloft litlar birgðir til að firra sig skaða, og kynni þá stundum að lenda í skorti. Það, sem selt yrði af fæði, myndi og með þessu móti verða dýrara en ella.

Farþegar á 1. farrými er að jafnaði efnað fólk, sem vill láta sjer líða vel og er fúst til að borga sennilegt gjald fyrir þægindi þau, sem það nýtur. Þessi ástæða mælir því talsvert með fastákveðinni fæðissölu til slíkra farþega.

Verði kaupskylda fæðis ákveðin fyrir farþega á 1. farrými, sem sennilegt er að verði, þá vilja nefndirnar láta þess getið, sem álits síns, að *fæðið myndi geta orðið sómasamlegt þó verð á dagfæði yrði ekki sett hærra en 3 kr. fyrir manninn.*

---

Þess skal að lokum getið, að vakið var máls á því í samvinnunefndinni að þörf væri á að bæta samgöngur við Borgarnes. Flutningaþörf þar orðin geysimikil, en Flóabáturinn lítill og ófullkominn, og aldrei ferðir með sama skipi frá útlöndum eða til útlanda. Nefndin leit svo á, að örðugt mundi að koma við siglingum með stærri skipum í Borgarnes, meðan leiðin þangað er ómæld og ómerkt. En nefndin vill beina því til stjórnarinnar, að gerðar verði sem fyrst ráðstafanir til að mæla leiðina inn Borgarfjörð og rannsaka, hvort eigi megi með merkjum og ljósum gera hana færa skipum jafnt í björtu sem dimmu.

Alþingi 4. ágúst 1914.

Samvinnunefnd um strandferðir.

G. Björnsson, fundarstjóri. Sveinn Björnsson, skrifari í Nd. Jósef J. Björnsson, skrifari í Ed. Björn Þorláksson, form. í Ed.

Hjörtur Snorrason. H. J. Kristófersson. Þorleifur Jónsson.

Stefán Stefánsson Eyf. Guðm. Ólafsson. Matth. Ólafsson.

M. J. Kristjánsson. Björn Kristjánsson, form. í Nd.

Fylgiskjal I.

Áætlun nr. I fyrir tvö nýbygð strand-
(„A“ vel útbúið fólksflutningaskip. —

| Vestur um land | 2 | 4 | 6 | 8 | 10 | 12 | 14 | 16 | 18 | 20 | 21 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | B | A | A | B | A | A | B | A | A | B | A. |
| Frá Reykjavík | 8/4 | 1/5 | 16/5 | 8/6 | 2/7 | 16/7 | 8/8 | 1/9 | 15/9 | 8/10 | 17/10 |
| — Hafnarfirði | 8 | ... | ... | 8 | ... | ... | 8 | ... | ... | 8 | 17 |
| — Akranesi* | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Borgarnesi* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Skógarnesi* | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Búðum | 8 | ... | ... | 8 | ... | ... | 8 | ... | ... | ... | 18 |
| — Sandi | 9 | ... | ... | 9 | ... | ... | 9 | ... | ... | 9 | 18 |
| — Ólafsvík | 9 | ... | ... | 9 | ... | ... | 9 | ... | ... | 9 | 19 |
| — Grundarfirði | 9 | ... | ... | 9 | ... | ... | 9 | .. | ... | ... | 19 |
| — Stykkishólmi | 10 | 2 | 17 | 10 | 3 | 17 | 10 | 2 | 16 | 10 | 20 |
| — Hvammsfirði | 10 | ... | ... | 10 | ... | .. | 10 | ... | ... | ... | 20 |
| — Gilsfirði.. | 11 | ... | ... | ... | ... | ... | 11 | ... | ... | ... | 21 |
| — Flatey | 11 | ... | ... | 11 | ... | ... | 11 | ... | ... | 10 | 21 |
| — Patreksfirði | 12 | 2 | 17 | 11 | 3 | 17 | 12 | 2 | 16 | 11 | 22 |
| — Tálknafirði | 12 | ... | ... | 12 | ... | ... | 12 | ... | ... | ... | 22 |
| — Arnarfirði | 12 | ... | ... | 12 | ... | ... | 12 | ... | ... | 11 | 22 |
| — Dýrafirði | 13 | 3 | 18 | 12 | 4 | 18 | 13 | 3 | 17 | 11 | 23 |
| — Önundarfirði | 13 | ... | ... | 13 | ... | ... | 13 | ... | ... | 11 | 23 |
| — Súgandafirði | 13 | ... | ... | 13 | ... | ... | 13 | .. | ... | ... | 23 |
| — Bolungarvík | 13 | ... | ... | 13 | ... | ... | 13 | ... | ... | ... | ... |
| Til Ísafjarðar | 14/4 | 3/5 | 18/5 | 13/6 | 4/7 | 18/7 | 14/8 | 3/9 | 17/9 | 12/10 | 24/10 |
| Frá Ísafirði | 15/4 | 4/5 | 19/5 | 15/6 | 5/7 | 19/7 | 15/8 | 4/9 | 18/9 | 13/10 | 25/10 |
| — Norðurfirði | 15 | ... | ... | 15 | ... | ... | 15 | ... | ... | ... | 25 |
| — Reykjarfirði | 15 | ... | ... | 15 | .. | ... | 15 | ... | ... | 13 | 25 |
| — Steingrimsfirði | 16 | 4 | 19 | 16 | 5 | 19 | 16 | 4 | 18 | 14 | 26 |
| — Bitrufirði | 16 | ... | ... | 16 | ... | ... | 16 | ... | ... | ... | 26 |
| — Borðeyri | 16 | ... | ... | 16 | ... | ... | 16 | ... | ... | 14 | 27 |
| — Hvammstanga | 17 | ... | ... | 17 | ... | ... | 17 | ... | ... | 14 | 27 |
| — Blönduósi | 17 | 5 | 20 | 17 | 6 | 20 | 17 | 5 | 19 | 15 | 28 |
| — Skagaströnd | 17 | ... | ... | 17 | ... | ... | 17 | .. | ... | 15 | 28 |
| — Kálfshamarsvík* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Sauðárkróki | 18 | 5 | 20 | 18 | 6 | 20 | 18 | 5 | 19 | 16 | 29 |
| — Grafarósi | 18 | ... | ... | ... | ... | ... | 18 | ... | ... | ... | 29 |
| — Hofsósi | ... | ... | ... | 18 | ... | ... | ... | ... | ... | 16 | ... |
| — Haganesvik | 18 | ... | ... | 18 | ... | ... | 18 | ... | ... | 17 | 29 |
| — Siglufirði | 19 | 5 | 20 | 19 | 6 | 20 | 19 | 5 | 19 | 17 | 30 |
| — Ólafsfirði | 19 | ... | ... | 19 | ... | .. | 19 | ... | ... | 17 | 30 |
| — Dalvík | 19 | ... | ... | 19 | ... | ... | 19 | ... | ... | 18 | 30 |
| — Hjalteyri* | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Til Akureyrar | 20/4 | 6/5 | 21/5 | 20/6 | 7/7 | 21/7 | 20/8 | 6/9 | 20/9 | 18/10 | 31/10 |

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

## -ferðaskip „A“ og „B“ árið 1916.

„B“ vöruflutningaskip með allmiklu farþegarúmi).

| Vestur um land | 2 | 4 | 6 | 8 | 10 | 12 | 14 | 16 | 18 | 20 | 21 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | B | A | A | B | A | A | B | A | A | B | A. |
| Frá Akureyri | 22/4 | 8/5 | 22/5 | 22/6 | 8/7 | 22/7 | 22/8 | 7/9 | 21/9 | 20/10 | 2/11 |
| — Svalbarðseyri* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Kljáströnd | 22 | ... | ... | 22 | ... | ... | 22 | ... | ... | 20 | ... |
| — Hrísey | 22 | ... | ... | 22 | ... | ... | 22 | ... | ... | 20 | ... |
| — Grímsey | 22 | ... | ... | 22 | ... | ... | 22 | ... | ... | ... | ... |
| — Flatey | 23 | ... | ... | 22 | ... | ... | 23 | ... | ... | ... | ... |
| — Húsavík | 23 | 8 | 22 | 23 | 8 | 22 | 23 | 7 | 21 | 21 | 2 |
| — Fjallahöfn | 23 | ... | ... | 23 | ... | ... | 23 | .. | ... | ... | ... |
| — Kópaskeri | 24 | ... | ... | 23 | 9 | ... | 24 | ... | 21 | 21 | 3 |
| — Raufarhöfn | 24 | . . | 23 | 24 | ... | ... | 24 | 8 | 22 | 22 | 3 |
| — Þórshöfn | 24 | 9 | ... | 24 | ... | 23 | 24 | ... | 22 | 22 | 3 |
| — Skálum | ... | ... | ... | 24 | ... | ... | 25 | ... | ... | ... | ... |
| — Gunnólfsvík | 25 | ... | ... | 25 | ... | ... | 25 | ... | ... | ... | ... |
| — Bakkafirði | 25 | ... | ... | 25 | ... | ... | 25 | ... | 23 | 23 | 4 |
| — Vopnafirði | 25 | 9 | 23 | 25 | 9 | 23 | 26 | 8 | 23 | 23 | 4 |
| — Unaósi | 26 | ... | ... | 26 | ... | ... | 26 | ... | ... | ... | ... |
| — Borgarfirði | 26 | ... | ... | 26 | ... | ... | 26 | ... | ... | 23 | 4 |
| — Loðmundarfirði* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | . . | ... | ... | ... | ... |
| Til Seyðisfjarðar | 26/4 | 10/5 | 24/5 | 26/6 | 10/7 | 24/7 | 26/8 | 9/9 | 23/9 | 24/10 | 5/11 |
| Frá Seyðisfirði | 28/4 | 11/5 | 25/5 | 28/6 | 11/7 | 25/7 | 28/8 | 10/9 | 24/9 | 25/10 | 7/11 |
| — Mjóafirði | 28 | ... | ... | 28 | ... | ... | 28 | ... | ... | 25 | 7 |
| — Norðfirði | 28 | 11 | 25 | 28 | 11 | 25 | 28 | 10 | 24 | 25 | 7 |
| — Eskifirði | 28 | 11 | 25 | 28 | 11 | 25 | 28 | 10 | 24 | 25 | 7 |
| — Reyðarfirði | 28 | ... | ... | 28 | ... | ... | 28 | ... | ... | 26 | 8 |
| — Vattarnesi | 29 | ... | ... | 29 | ... | ... | 29 | ... | ... | ... | ... |
| — Fáskrúðsfirði | 29 | 11 | 25 | 29 | 11 | 25 | 29 | 10 | 25 | 26 | 8 |
| — Stöðvarfirði | 29 | ... | ... | 29 | ... | .. | 29 | ... | ... | 26 | ... |
| — Breiðdalsvík | 29 | ... | ... | 29 | ... | ... | 29 | ... | ... | 27 | ... |
| — Djúpavogi | 30 | ... | 25 | 30 | ... | 26 | 30 | ... | 25 | 27 | 8 |
| — Hornafirði | 30 | ... | ... | 30 | ... | ... | 30 | ... | ... | 28 | ... |
| — Vík | 1/5 | ... | ... | 1/7 | ... | ... | 31 | ... | ... | 29 | ... |
| — Vestmannaeyjum | 1 | 12 | 26 | 1 | 12 | 27 | 31 | 11 | 26 | 30 | 10 |
| — Stokkseyri | 2 | ... | ... | 2 | ... | ... | 1/9 | ... | ... | 30 | ... |
| — Eyrarbakka | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 31 | ... |
| — Þorlákshöfn | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. | ... | ... | 31 | ... |
| — Grindavík | 2 | ... | ... | 2 | ... | ... | 1 | .. | ... | 1/11 | ... |
| — Sandgerði | 2 | ... | ... | 2 | ... | ... | 1 | ... | ... | 1 | ... |
| — Gerðum | 3 | ... | ... | 3 | ... | ... | 2 | ... | ... | 1 | ... |
| — Keflavík | 3 | ... | ... | 3 | ... | ... | 2 | ... | ... | 2 | ... |
| — Hafnarfirði | 3 | ... | ... | 3 | ... | ... | 2 | ... | ... | 2 | ... |
| Til Reykjavíkur | 4/5 | 13/5 | 27/5 | 4/7 | 13/7 | 28/7 | 3/9 | 12/9 | 27/9 | 3/11 | 11/11 |

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

Fylgiskjal I. (Frh).

Áætlun nr. 1 fyrir tvö nýbygð strand-

(»A« vel útbúið fólksflutningaskip. —

| Austur um land | 1 | 3 | 5 | 7 | 9 | 11 | 13 | 15 | 17 | 19 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | B | A | B | A | A | B | A | A | B | A |
| Frá Reykjavík | 8/3 | 15/4 | 8/5 | 1/6 | 16/6 | 8/7 | 1/8 | 17/8 | 8/9 | 1/10 |
| — Hafnarfirði | 8 | ... | 8 | ... | ... | 8 | 1 | ... | 8 | ... |
| — Keflavík | 8 | ... | 8 | ... | ... | 8 | ... | ... | 8 | ... |
| — Gerðum | 8 | ... | 8 | ... | ... | 8 | ... | ... | 8 | ... |
| — Sandgerði | 9 | ... | 9 | ... | ... | 9 | ... | ... | 9 | ... |
| — Grindavík | 9 | ... | 9 | ... | ... | 9 | ... | ... | 9 | ... |
| — Þorlákshöfn | 9 | ... | 9 | ... | ... | 9 | ... | ... | 9 | ... |
| — Eyrarbakka | 10 | ... | 10 | ... | ... | 10 | 2 | ... | 10 | ... |
| — Stokkseyri | 10 | ... | 10 | ... | ... | 10 | 2 | ... | 10 | ... |
| — Vestmannaeyjum | 11 | 16 | 11 | 2 | 17 | 11 | 3 | 18 | 11 | 2 |
| — Vík | 12 | ... | 12 | ... | ... | 12 | 3 | ... | 12 | ... |
| — Hornafirði | 13 | ... | 13 | ... | ... | 13 | 4 | ... | 13 | ... |
| — Djúpavogi | 13 | ... | 13 | 3 | 18 | 13 | 4 | ... | 13 | 3 |
| — Breiðdalsvík | 14 | .. | 14 | ... | ... | 14 | 5 | ... | 14 | ... |
| — Stöðvarfirði | 14 | ... | 14 | ... | ... | 14 | 5 | ... | 14 | ... |
| — Fáskrúðsfirði | 14 | 17 | 14 | 3 | 18 | 14 | 5 | 19 | 14 | 3 |
| — Vattarnesi | ... | ... | 14 | ... | ... | 14 | ... | ... | 14 | ... |
| — Reyðarfirði | 15 | ... | 15 | ... | ... | 15 | 6 | ... | 15 | ... |
| — Eskifirði | 15 | 17 | 15 | 4 | 19 | 15 | 6 | 20 | 15 | 4 |
| — Norðfirði | 15 | 18 | 15 | 4 | 19 | 15 | 6 | 20 | 15 | 4 |
| — Mjóafirði | 15 | ... | 15 | ... | ... | 15 | ... | ... | 15 | ... |
| Til Seyðisfjarðar | 16/3 | 18/4 | 16/5 | 4/6 | 19/6 | 16/7 | 7/8 | 20/8 | 16/9 | 4/10 |
| Frá Seyðisfirði | 18/3 | 19/4 | 18/5 | 5/6 | 20/6 | 18/7 | 8/8 | 21/8 | 18/9 | 5/10 |
| — Loðmundarfirði | ... | ... | 18 | ... | .. | 18 | ... | ... | ... | ... |
| — Borgarfirði | 18 | ... | 18 | ... | ... | 18 | 8 | ... | 18 | ... |
| — Unaósi | .. | ... | 18 | ... | ... | 18 | ... | ... | 18 | ... |
| — Vopnafirði | 18 | 19 | 18 | 5 | 20 | 19 | 8 | 21 | 18 | 5 |
| — Bakkafirði | 19 | ... | 19 | ... | ... | 19 | 9 | ... | 19 | ... |
| — Gunnólfsvík | ... | ... | 19 | ... | ... | 19 | ... | ... | 19 | ... |
| — Skáium | ... | ... | 19 | ... | ... | 19 | ... | ... | 19 | ... |
| — Þórshöfn | 19 | 20 | 19 | ... | ... | 20 | 9 | 22 | 20 | 6 |
| — Raufarhöfn | 20 | ... | 20 | ... | 21 | 20 | 9 | ... | 20 | ... |
| — Kópaskeri | 20 | ... | 20 | 6 | ... | 20 | 10 | ... | 20 | ... |
| — Fjallahöfn* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Húsavík | 21 | 20 | 20 | 6 | 21 | 21 | 10 | 22 | 21 | 6 |
| — Flatey | ... | ... | 21 | ... | ... | 21 | ... | ... | 21 | ... |
| — Grímsey | ... | ... | 21 | ... | ... | 21 | .. | ... | 21 | ... |
| — Hrísey | ... | ... | 21 | ... | ... | 21 | ... | ... | 21 | ... |
| — Kljáströnd | ... | ... | 21 | ... | ... | 21 | ... | ... | 22 | ... |
| — Svalbarðseyri* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Til Akureyrar | 21/3 | 21/4 | 21/5 | 7/6 | 22/6 | 22/7 | 10/8 | 23/8 | 22/9 | 7/10 |

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

-ferðaskip »A« og »B« árið 1916.

»B« vöruflutningaskip með allmiklu farþegarúmi).

| Austur um land | 1 | 3 | 5 | 7 | 9 | 11 | 13 | 15 | 17 | 19 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | B | A | B | A | A | B | A | A | B | A |
| Frá Akureyri | 23/3 | 22/4 | 23/5 | 8/6 | 23/6 | 24/7 | 12/8 | 24/8 | 24/9 | 8/10 |
| — Hjalteyri* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Dalvík | 23 | ... | 23 | ... | ... | 24 | ... | ... | 24 | ... |
| — Ólafsfirði | 23 | ... | 23 | ... | ... | 24 | ... | ... | 24 | ... |
| — Siglufirði | 24 | 22 | 24 | 8 | 23 | 24 | .. | 24 | 25 | 8 |
| — Haganesvík | 24 | ... | 24 | ... | ... | 25 | ... | ... | 25 | ... |
| — Hofsósi | 24 | ... | ... | ... | ... | 25 | ... | ... | 25 | ... |
| — Grafarósi | ... | ... | 24 | ... | ... | 25 | ... | ... | 25 | ... |
| — Sauðárkróki | 25 | 22 | 25 | 8 | 23 | 25 | ... | 24 | 25 | 8 |
| — Kálfshamarsvík* | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Skagaströnd | 25 | ... | 25 | ... | ... | 26 | ... | ... | 26 | ... |
| — Blönduósi | 26 | 23 | 26 | 9 | 24 | 26 | ... | 25 | 26 | 9 |
| — Hvamınstanga | 26 | ... | 26 | ... | ... | 26 | .. | ... | 26 | ... |
| — Borðeyri | 27 | ... | 27 | ... | ... | 27 | ... | ... | 27 | ... |
| — Bitrufirði | ... | ... | 27 | ... | ... | 27 | ... | ... | 27 | ... |
| — Steingrímsfirði | 27 | 23 | 27 | 9 | 24 | 27 | ... | 25 | 27 | 9 |
| — Reykjarfirði | 28 | ... | 28 | .. | .. | 28 | ... | ... | 28 | ... |
| — Norðurfirði | ... | ... | 28 | ... | ... | 28 | ... | ... | 28 | ... |
| Til Ísafjarðar | 28/3 | 24/4 | 28/5 | 10/6 | 25/6 | 28/7 | 13/8 | 27/8 | 28/9 | 11/10 |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Frá Ísafirði | 30/3 | 25/4 | 30/5 | 11/6 | 27/6 | 30/7 | 13/8 | 27/8 | 30/9 | 11/10 |
| — Bolungarvík | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 30 | ... |
| — Súgandafirði | ... | ... | 30 | ... | .. | 30 | ... | ... | 30 | ... |
| — Önundarfirði | 30 | ... | 30 | .. | ... | 30 | ... | ... | 30 | ... |
| — Dýrafirði | 30 | 25 | 30 | 11 | 27 | 30 | ... | 27 | 30 | 11 |
| — Arnarfirði | 31 | ... | 31 | ... | ... | 31 | ... | ... | 1/10 | ... |
| — Tálknafirði | ... | .. | 31 | ... | ... | 31 | ... | ... | 1 | ... |
| — Patreksfirði | 31 | 25 | 31 | 11 | 27 | 31 | .. | 27 | 1 | 11 |
| — Flatey | 1/4 | ... | 1/6 | ... | ... | 1/8 | .. | ... | 2 | ... |
| — Gilsfirði | ... | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | .. | ... | ... |
| — Hvammsfirði | ... | ... | ... | ... | ... | 2 | ... | ... | ... | ... |
| — Stykkishólmi | 1 | 26 | 1 | 12 | 28 | 2 | .. | 28 | 2 | 12 |
| — Grundarfirði | ... | ... | 1 | ... | ... | 3 | ... | ... | 3 | ... |
| — Ólafsvík | 2 | ... | 2 | ... | ... | 3 | ... | ... | 3 | ... |
| — Sandi | 2 | ... | 2 | ... | ... | 3 | ... | ... | 3 | ... |
| — Búðum | 2 | ... | 2 | ... | ... | 4 | ... | ... | 4 | ... |
| — Skógarnesi* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Borgarnesi* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Akranesi * | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Hafnarfirði | 3 | ... | 3 | ... | ... | 4 | ... | ... | 4 | ... |
| Til Reykjavikur | 4/4 | 27/4 | 4/6 | 13/6 | 29/6 | 5/8 | 14/8 | 29/8 | 5/10 | 13/10 |

*) »B« kemur við á þessum höfnum, ef nægur flutningur býðst og ástæður leyfa.

## Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbygð strand-

(Skipin sje jafnstór og jafnhraðskreið,

| Vestur um land | A. | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| Frá Reykjavík | 18/8 | 13/4 | 28/4 | 24/5 | 8/6 | 2/7 | 17/7 | 9/8 | 24/8 | 17/9 | 3/10 | 25/10 |
| — Hafnarfirði | 18 | ... | 28 | ... | 8 | ... | 17 | ... | 24 | ... | 3 | 25 |
| — Akranesi* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Borgarnesi* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Skógarnesi* | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. |
| — Búðum | ... | ... | 28 | ... | 8 | ... | ... | ... | 24 | ... | ... | ... |
| — Hellissandi | 19 | ... | 29 | ... | 9 | ... | 18 | ... | 25 | ... | ... | ... |
| — Ólafsvík | 19 | ... | 29 | ... | 9 | ... | 18 | ... | 25 | ... | 4 | 26 |
| — Grundarfirði* | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Stykkishólmi | 19 | 14 | 29 | 25 | 9 | 3 | 18 | 10 | 25 | 18 | 4 | 26 |
| — Hvammsfirði | ... | .. | 30 | ... | 10 | ... | 19 | ... | 26 | ... | ... | 27 |
| — Gilsfirði (Salthv., Króksf.) | ... | ... | 30 | ... | ... | ... | ... | ... | 26 | ... | ... | 27 |
| — Flatey | 20 | ... | 30 | ... | 10 | ... | 19 | ... | 26 | ... | 4 | 28 |
| — Patreksfirði | 20 | 14 | 1/5 | 25 | 11 | 3 | 20 | 10 | 27 | 18 | 5 | 29 |
| — Tálknafirði | ... | ... | 1 | ... | 11 | ... | ... | ... | 27 | ... | ... | 29 |
| — Arnarfirði | 21 | ... | 1 | ... | 11 | ... | 20 | ... | 27 | ... | 5 | 29 |
| — Dýrafirði | 21 | 15 | 2 | 26 | 12 | 4 | 20 | 11 | 28 | 19 | 5 | 30 |
| — Önundarfirði | 21 | ... | 2 | ... | 12 | ... | 21 | ... | 28 | ... | 5 | 30 |
| — Súgandafirði | ... | ... | 2 | ... | 12 | ... | ... | ... | 28 | ... | ... | 30 |
| — Bolungarvík | ... | ... | 2 | ... | 12 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Til Ísafjarðar | 22/3 | 15/4 | 3/5 | 26/5 | 13/6 | 4/7 | 21/7 | 11/8 | 29/8 | 19/9 | 6/10 | 31/10 |
| Frá Ísafirði | 23/3 | 16/4 | 4/5 | 27/5 | 14/6 | 5/7 | 22/7 | 12/8 | 30/8 | 20/9 | 7/10 | 2/11 |
| — Norðurfirði | ... | ... | 4 | ... | 14 | ... | ... | ... | 30 | ... | ... | 2 |
| — Reykjarfirði | 23 | ... | 4 | ... | 14 | ... | 22 | ... | 30 | ... | 7 | 2 |
| — Steingrímsfirði | 24 | 16 | 5 | 27 | 14 | 5 | 23 | 12 | 31 | 20 | 7 | 3 |
| — Bitrufirði | ... | ... | 5 | ... | 15 | ... | ... | ... | 31 | ... | ... | 3 |
| — Borðeyri | 24 | ... | 5 | ... | 15 | ... | 23 | ... | 31 | ... | 8 | 3 |
| — Hvammstanga | 24 | ... | 5 | ... | 15 | ... | 23 | ... | 31 | ... | 8 | 4 |
| — Blönduósi | 25 | 17 | 6 | 28 | 15 | 6 | 24 | 13 | 1/9 | 21 | 8 | 4 |
| — Skagaströnd | 25 | ... | 6 | ... | 16 | ... | 24 | ... | 1 | ... | 9 | 5 |
| — Kálfshamarsvík* | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. | ... | ... |
| — Sauðárkróki | 25 | 17 | 6 | 28 | 16 | 6 | 24 | 13 | 1 | 21 | 9 | 5 |
| — Grafarósi | ... | ... | 7 | ... | ... | ... | 25 | ... | ... | ... | 9 | 6 |
| — Hofsósi | 26 | ... | ... | ... | 16 | ... | ... | ... | 2 | ... | ... | 6 |
| — Haganesvík | ... | ... | 7 | ... | 16 | ... | 25 | ... | 2 | ... | 10 | 6 |
| — Siglufirði | 26 | 17 | 7 | 28 | 17 | 6 | 25 | 13 | 2 | 21 | 10 | 7 |
| — Ólafsfirði | 26 | ... | 8 | ... | 17 | ... | 25 | ... | 2 | ... | 10 | 7 |
| — Dalvík | 26 | ... | 8 | ... | 17 | ... | 26 | ... | 3 | ... | 10 | 7 |
| — Hjalteyri* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Til Akureyrar | 27/3 | 18/4 | 9/5 | 29/5 | 18/6 | 7/7 | 26/7 | 14/8 | 8/9 | 22/9 | 11/10 | 8/11 |

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. í hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís

ferðaskip »A« og »B« árið 1916.
bæði vel útbúin farþegaskip).

| Vestur um land | A. | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| Frá Akureyri.. .......... | 28/3 | 19/4 | 10/5 | 30/5 | 19/6 | 8/7 | 27/7 | 15/8 | 4/9 | 23/9 | 12/10 | 10/11 |
| — Svalbarðseyri*...... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Kljáströnd*...... ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Hrísey*...... ........ | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Grímsey.......... ... | ... | ... | ... | ... | 19 | ... | ... | ... | ... | 23 | ... | ... |
| — Flatey*.... .......... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. | ... | ... |
| — Húsavík.............. | 28 | 19 | 10 | 30 | 19 | 8 | 27 | 15 | 4 | 23 | 12 | 10 |
| — Fjallahöfn*.......... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Kópaskeri......... .. | ... | ... | 11 | 30 | 20 | .. | 28 | ... | 5 | 24 | 13 | ... |
| — Raufarhöfn.......... | ... | 20 | 11 | ... | 20 | ... | 28 | 16 | 5 | ... | 13 | ... |
| — Þórshöfn............. | 29 | ... | 11 | ... | 20 | 9 | 28 | ... | 5 | ... | 13 | 11 |
| — Skálum.............. | ... | ... | 12 | ... | ... | ... | ... | ... | 6 | ... | ... | ... |
| — Gunnólfsvik......... | ... | ... | 12 | ... | ... | ... | ... | ... | 6 | ... | ... | ... |
| — Bakkafirði...... ..... | 29 | ... | 12 | ... | 21 | ... | 29 | ... | 6 | ... | 14 | ... |
| — Vopnafirði........... | 30 | 20 | 13 | 31 | 21 | 9 | 29 | 16 | 7 | 24 | 14 | 11 |
| — Unaósi*.............. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Borgarfirði........... | 30 | ... | 13 | ... | 21 | ... | 29 | ... | 7 | ... | 14 | ... |
| — Loðmundarfirði .... | ... | ... | 13 | ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... |
| Til Seyðisfjarðar........ | 31/3 | 21/4 | 14/5 | 1/6 | 22/6 | 10/7 | 30/7 | 17/8 | 7/9 | 25/9 | 15/10 | 12/11 |
| Frá Seyðisfirði... ........ | 2/4 | 22/4 | 15/5 | 2/6 | 23/6 | 11/7 | 31/7 | 18/8 | 9/9 | 26/9 | 16/10 | 13/11 |
| — Mjóafirði............. | ... | ... | 15 | ... | 23 | ... | 31 | ... | 9 | ... | 16 | ... |
| — Norðfirði............. | 2 | 22 | 15 | 2 | 23 | 11 | 31 | 18 | 9 | 26 | 16 | 13 |
| — Eskifirði.............. | 2 | 22 | 15 | 2 | 23 | 11 | 31 | 18 | 9 | 26 | 16 | 13 |
| — Reyðarfirði........... | 2 | ... | 16 | ... | 24 | ... | 1/8 | ... | 10 | ... | 17 | ... |
| — Vattarnesi* .......... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Fáskrúðsfirði........ | 3 | 22 | 16 | 3 | 24 | 11 | 1 | 18 | 10 | 26 | 17 | 14 |
| — Stöðvarfirði.......... | 3 | ... | 16 | ... | 24 | ... | 1 | ... | 10 | ... | 17 | ... |
| — Breiðdalsvik.......... | 3 | ... | 16 | .. | 24 | ... | 1 | .. | 10 | ... | 17 | ... |
| — Djúpavogi............ | 4 | ... | 17 | ... | 25 | ... | 2 | ... | 11 | 27 | 18 | 14 |
| — Hornafirði.,.......... | 5 | ... | 17 | ... | 25 | ... | 2 | ... | 11 | ... | 18 | ... |
| — Vík.................... | ... | ... | 18 | ... | 26 | ... | 3 | ... | 12 | ... | 19 | ... |
| — Vestmannaeyjum... | 7 | 23 | 18 | 4 | 26 | 12 | 3 | 19 | 12 | 28 | 19 | 15 |
| — Stokkseyri............ | ... | ... | 19 | ... | 27 | ... | 4 | ... | 13 | ... | 20 | ... |
| — Eyrarbakka*......... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Þorlákshöfn*........ | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. |
| — Grindavík............ | ... | ... | 19 | ... | 27 | ... | 4 | ... | 13 | ... | 20 | ... |
| — Sandgerði*.......... | .. | ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Gerðum*............. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Keflavík.............. | ... | ... | 19 | ... | 27 | ... | 4 | ... | 13 | ... | 20 | ... |
| — Hafnarfirði........... | 8 | ... | 20 | ... | 28 | ... | 5 | ... | 14 | ... | 21 | ... |
| Til Reykjavíkur ........ | 9/4 | 24/4 | 20/5 | 5/6 | 28/6 | 13/7 | 5/8 | 20/8 | 14/9 | 29/9 | 21/10 | 16/11 |

eða brim sje því eigi til fyrirstöðu. Hafi einhverjar hafnir ekki verið mældar. eða sjeu of grunnar til þess að skipin geti siglt á þær, þá koma þau ekki við á slíkum stöðum.

## Áætlun nr. 2 fyrir tvö nýbygð strand-

(Skipin sje jafnstór og jafnhraðskreið,

| Austur um land | B. | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| Frá Reykjavík | 15/3 | 10/4 | 25/4 | 21/5 | 5/6 | 29/6 | 14/7 | 6/8 | 21/8 | 14/9 | 29/9 | 26/10 |
| — Hafnarfirði | 15 | ... | 25 | ... | 5 | ... | 14 | ... | 21 | ... | 29 | 26 |
| — Keflavík | 15 | ... | 25 | ... | 5 | ... | 14 | ... | 21 | ... | 29 | 26 |
| — Gerðum* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Sandgerði* | ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... |
| — Grindavík | 16 | ... | 26 | ... | 6 | ... | 15 | ... | 22 | ... | 30 | 27 |
| — Þorlákshöfn* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Eyrarbakka* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Stokkseyri | 16 | ... | 26 | ... | 6 | ... | 15 | ... | 22 | ... | 30 | 27 |
| — Vestmannaeyjum | 17 | 11 | 27 | 22 | 7 | 30 | 16 | 7 | 23 | 15 | 1/10 | 28 |
| — Vík | 17 | ... | 27 | ... | 7 | ... | 16 | ... | 23 | ... | 1 | 28 |
| — Hornafirði | 18 | ... | 28 | ... | 8 | ... | 17 | ... | 24 | ... | 2 | 29 |
| — Djúpavogi | 19 | ... | 28 | ... | 8 | ... | 17 | ... | 24 | ... | 2 | 30 |
| — Breiðdalsvík | 19 | ... | 29 | ... | 9 | .. | 18 | ... | 25 | ... | 3 | 30 |
| — Stöðvarfirði | 19 | ... | 29 | ... | 9 | ... | 18 | ... | 25 | ... | 3 | 30 |
| — Fáskrúðsfirði | 20 | 12 | 29 | 23 | 9 | 1/7 | 18 | 8 | 25 | 16 | 3 | 31 |
| — Vattarnesi* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Reyðarfirði | 20 | ... | 30 | ... | 10 | ... | 19 | ... | 26 | ... | 4 | 31 |
| — Eskifirði | 20 | 12 | 30 | 23 | 10 | 1 | 19 | 8 | 26 | 16 | 4 | 31 |
| — Norðfirði | 21 | 13 | 30 | 24 | 10 | 2 | 19 | 9 | 26 | 17 | 4 | 1/11 |
| — Mjóafirði | 21 | ... | 30 | ... | 10 | ... | 19 | ... | 26 | ... | 4 | 1 |
| Til Seyðisfjarðar | 21/3 | 13/4 | 1/5 | 24/5 | 11/6 | 2/7 | 20/7 | 9/8 | 27/8 | 17/9 | 5/10 | 1/11 |
| Frá Seyðisfirði | 23/3 | 14/4 | 3/5 | 25/5 | 12/6 | 3/7 | 21/7 | 10/8 | 28/8 | 18/9 | 6/10 | 3/11 |
| — Loðmundarfirði | ... | ... | 3 | ... | 12 | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Borgarfirði | 23 | ... | 3 | .. | 12 | ... | 21 | ... | 28 | ... | 6 | 3 |
| — Unaósi* | ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. |
| — Vopnafirði | 23 | 14 | 3 | 25 | 12 | 3 | 21 | 10 | 28 | 18 | 6 | 4 |
| — Bakkafirði | 24 | ... | 4 | ... | 13 | ... | 22 | ... | 29 | ... | 7 | 4 |
| — Gunnólfsvík | ... | ... | ... | ... | 13 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Skálum | ... | ... | ... | ... | 13 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Þórshöfn | 24 | 15 | 4 | ... | 13 | ... | 22 | 11 | 29 | 19 | 7 | 5 |
| — Raufarhöfn | 25 | ... | 5 | 26 | 14 | ... | 23 | ... | 30 | .. | 8 | 5 |
| — Kópaskeri | 25 | ... | 5 | ... | 14 | 4 | 23 | ... | 30 | ... | 8 | 6 |
| — Fjallahöfn* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Húsavík | 25 | 15 | 5 | 26 | 14 | 4 | 23 | 11 | 30 | 19 | 8 | 6 |
| — Flatey* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Grímsey | ... | ... | ... | ... | 15 | ... | ... | ... | ... | 20 | .. | ... |
| — Hrísey* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Kljáströnd* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| — Svalbarðseyri* | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Til Akureyrar | 26/3 | 16/4 | 6/5 | 27/5 | 15/6 | 5/7 | 24/7 | 12/8 | 31/8 | 20/9 | 9/10 | 7/1 |

*) Skipin koma við á þessum höfnum, ef nægilegt far- og farmgjald býðst (minst 150 kr. i hvert sinn) með hæfilegum fyrirvara, þó því að eins, að tími sje til þess, án þess áætlun raskist að mun og veður, ís